

6. gr.

13

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt bráðabirgðalögum um notkun vegabréfa innanlands frá 9. desember 1941, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

29. jan.

Í dómsmálaráðuneytinu, 29. janúar 1942.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

14

3. febr.

um undanþágu frá ákvæðum reglugerðar, dags. 9. október 1940, um skyldu skipa og flugfara til að koma á tilteknar hafnir eða hafnarstaði til þess að fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi.

Auk færeyskra skipa, sem flytja frystan og ísvarinn fisk til Bretlands, og samkvæmt auglýsingu ráðuneytisins, dags. 19. janúar þ. á., hafa leyfi til að fá fyrstu og síðustu afgreiðslu á Hornafirði á tímabilinu 15. janúar til 30. apríl þ. á., veitir ráðuneytið íslenskum skipum í sams konar flutningum leyfi til að fá fyrstu afgreiðslu á Hornafirði á sama tímabili.

Samkvæmt nefndri reglugerð hafa íslensku skipin leyfi til síðustu afgreiðslu á Hornafirði.

Skipin mega enga farþega flytja.

Fjármálaráðuneytið, 3. febrúar 1942.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

AUGLÝSING

15

12. febr.

um breyting á reglugerð fyrir Brunabótafélag Íslands, nr. 101 15. október 1932.

1. gr.

Á eftir upptalningu virðingargjalda í 36. gr. reglugerðarinnar, komi ný setning, svo hljóðandi:

Á virðingargjöld þessi skal á hverjum tíma greiða uppbót eftir hinni opinberu verðlagsvísitölu.

2. gr.

Breyting þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. febrúar 1942.

Eysteinn Jónsson.

Páll Pálmason.